

Borgarráð

Viðauki við fjárhagsáætlun 2016 vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Lagt er til að fjárheimildir Menningar- og ferðamálasviðs verði hækkaðar um 22.768 þús.kr. vegna aukaframlags til Sinfóníuhljómsveitar. Breytingin verði fjármögnuð af kostnaðarstaðnum 09205 Ófyrirséð og færð á kostnaðarstaðinn 03102.

Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-22.768
03102	Menningar- og ferðamálasvið (MOF)	Til	22.768
		Samtals	0

Tillagan felur ekki í sér breytingu á niðurstöðu rekstrar, efnahags eða sjóðsstreymi A-hluta eða samstæðu og þessi fjárráðstöfun kallar ekki á jafnréttismat.

Greinargerð:

Þessi tillaga um viðauka er til að standa undir viðbótarkostnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands, sem er ríkisstofnun, en Reykjavíkurborg er skylt samkvæmt 3. grein laga nr. 36/1982 að standa undir 18% af rekstrarkostnaði SÍ. Ekkert annað sveitarfélag hefur sambærilega skyldu. Tvö mismunandi tilefni eru fyrir þessum bakreikningum frá ríkinu:

Í fyrsta lagi er krafist kr. 4.530.342 aukaframlags úr borgarsjóði vegna 18% hlutdeildar í hækkunum á lífeyrisskuldbindingum SÍ á árinu 2015, vaxtakostnaðar og aðkeyptrar sérfræðiaðstoðar. Væntanlega er hækkun lífeyrisskuldbindingar SÍ að mestu leyti vegna kjarasamninga ríkisins við starfsmenn SÍ sem Reykjavíkurborg ber enga ábyrgð á og getur ekki borið ábyrgð á. Ekki verður séð að SÍ bóki tilsvaramandi kröfu á ríkið í ársreikningi sínum fyrir 82% hlut ríkisins sem nemur kr. 20.638.223.

Í öðru lagi er krafist þús.kr. 18.238 aukaframlags úr borgarsjóði vegna hækkunar á fjárheimildum SÍ í fjárlögum en alþingi tók þá ákvörðun eftir að frumvarp borgarinnar hafði

verið lagt fram og samþykkt í borgarstjórn 1. desember 2015. Í gildandi fjárhagsáætlun borgarinnar nemur 18% framlag borgarsjóðs til SÍ þús.kr. 185.862 en miðað við fjárheimildir SÍ samkvæmt fjárlögum ríkisins þyrfti framlagið að nema þús.kr. 204.100. Þetta stangast á við efni 8. grein laga nr. 36/1982 en þar segir:

Stjórn hljómsveitarinnar skal leggja starfs- og fjárhagsáætlun fyrir fjárveitingaraðila með nægum fyrirvara til þess að gögn liggi fyrir þegar fjárlög eru undirbúin og afgreidd og fjárhagsáætlanir viðkomandi sveitarfélaga. Framkvæmdastjóri býr starfs- og fjárhagsáætlunina í hendur stjórnarinnar. Stjórnin ber ábyrgð á að fjárreiður og reikningshald sé í góðu lagi. Efnahags- og rekstrarreikningur skal gerður að loknu hverju almanaksári og sendur ríkisendurskoðun til endurskoðunar. Við gildistöku þessara laga telst Sinfóníuhljómsveit Íslands eiga höfuðstól samkvæmt efnahagsreikningi hljómsveitarinnar pr. 31. desember 1980

Í ljósi 8. greinar laga nr. 36/1982 ber stjórn SÍ ábyrgð á að leggja Reykjavíkurborg til áreiðanlegar upplýsingar um fjárhagsáætlun næsta árs og hún ber einnig ábyrgð á að fjárreiðum sínum, þar á meðal að eyða ekki fé umfram fjárheimildir. Í greinargerð með 8. grein í frumvarpi að lögum nr. 36/1982 er kveðið á um skyldu stjórnar SÍ að gera rekstraraðilum grein fyrir ef rekstraráætlanir stefna í óefni og óska aukafjárveitingar, sbr.:
Sjái stjórn hljómsveitarinnar einhvern tíma á starfsárinu, að áætlanir hennar komi ekki til með að standast, ber henni að gera rekstraraðilum sínum aðvart og óska eftir aukafjárveitingu.

Stjórn SÍ hefur ekki gætt að þessari skyldu við undirbúning fjárhagsáætlunar 2016. Draga verður í efa réttmæti kröfunnar þessum sökum. Miðað við orðalag tilvitnaðrar málsgreinar má ætla að Reykjavíkurborg sem annar tveggja rekstraraðila geti hafnað óskum SÍ. Hafa verður í huga að Reykjavíkurborg hefur engin áhrif á áætlanagerð eða rekstur SÍ. Það hlýtur að vera krafa Reykjavíkurborgar að tekin verði upp ný og öguð vinnubrögð við áætlanagerð og rekstur SÍ og að ekki verði aftur gerð sambærileg krafa á hendur borgarsjóði um aukaframlög til SÍ.

Samanlagt nema ofangreindir liðir kr. 22.768.

Tillögunni skal vísað til samþykktar í borgarstjórn.

Dagur B. Eggertsson